

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Landbúnaðarsafns Íslands ses.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 2. desember 2013 stofnskrá Landbúnaðarsafns Íslands ses.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 24. júní 2015.

F.h. safnaráðs,

Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ fyrir Landbúnaðarsafn Íslands ses.

1. gr.

Heiti.

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess Landbúnaðarsafn Íslands.

2. gr.

Heimili.

Heimilisfang sjálfseignarstofnunarinnar er á Hvanneyri, Borgarbyggð.

3. gr.

Hlutverk og starfsemi.

Hlutverk Landbúnaðarsafns Íslands ses. er að gera skil sögu og þróun íslensks landbúnaðar með því að varðveita gögn, gripi og aðrar minjar um hana, og annast rannsóknir og fræðslu um viðfangs-efnið.

Landbúnaðarsafn Íslands ses. leggur sérstaka áherslu á sögu landbúnaðarins frá byrjun tækni-aldar í landbúnaði með rannsóknum sem og almennri kynningu á sögu hans og stöðu og hvers konar miðlun hennar, ýmist eitt sér eða í samvinnu við aðila sem til hennar eru fúsir.

Í starfi sínu skal Landbúnaðarsafn Íslands ses. hafa samráð og samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og aðra opinbera aðila er annast minjavernd og -vörslu í landinu, þ.m.t. byggðasöfn.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur Landbúnaðarsafns Íslands ses. eru Landbúnaðarháskóli Íslands, kt. 411204-3590, Bændasamtök Íslands, kt. 631294-2279 og sveitarfélagið Borgarbyggð, kt. 510694-2289.

5. gr.

Framlag stofnenda.

Stofnfé Landbúnaðarsafns Íslands ses. er kr. 1.000.000 – ein milljón króna – Greiðir Landbúnaðarháskóli Íslands kr. 600.000 – sexhundrað þúsund krónur – en hvor hinna stofnendanna tveggja kr. 200.000 – tvö hundruð þúsund krónur.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

6. gr.

Yfirtaka á réttindum og skyldum stofnenda.

Landbúnaðarháskóli Íslands lánar Landbúnaðarsafni Íslands ses. þá safnmuni sem mynduðu Búvélasafnið á Hvanneyri til varðveislu, notkunar og áframhaldandi reksturs. Fáist til þess heimild Alþingis mun Landbúnaðarháskóli Íslands afhenda Landbúnaðarsafni Íslands ses. þessa muni til eignar skv. skrá um þá.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Skal skipunartími stjórnar vera fjögur ár.

Í stjórnina skipar Landbúnaðarháskóli Íslands fulltrúa og skal hann vera formaður stjórnar sbr. þó 5. mgr. þessarar greinar. Þá skipa Bændasamtök Íslands og Borgarbyggð hvor sinn fulltrúann í stjórn safnsins. Fjórði fulltrúinn er þjóðminjavörður eða maður tilnefndur af honum. Fimmta fulltrúann skipar ráðherra sá er fer með landbúnaðarmál. Varafulltrúar skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórnarmaður getur hvenær sem hann óskar látið af stjórnarstörfum. Láti stjórnarmaður af stjórnarstörfum tekur varamaður, sem tilnefndur var af sama aðila og viðkomandi stjórnarmaður, sæti hans í stjórn. Skal þá nýr varamaður valinn í stjórn með sama hætti og greinir í 2. mgr. Stofnendur geta hvenær sem er innan kjörtímabils afturkallað val á stjórnarmanni og varamanni og valið annan aðila í stað viðkomandi, sem frá þeim tíma tekur við réttindum og skyldum þess stjórnarmanns/varamanns sem hann er valinn fyrir.

Sé framkvæmdastjóri jafnframt stjórnarmaður má hann ekki vera formaður stjórnar heldur skal þá formaður kjörinn úr hópi annarra stjórnarmanna.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúru-umboð fyrir stofnunina.

Þóknun til stjórnarmanna skal ákveðin á ársfundi félagsins.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun, svo sem varðandi fjárhag stofnunarinnar, má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni, sem fyrir liggur til ákvörðunar, skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðilega.

9. gr.

Framkvæmdastjóri.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald, gerð rekstraráætlunar og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

10. gr.

Fjáröflun.

Tekjur Landbúnaðarsafns Íslands ses. eru styrkir, gjafir og önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast, einnig tekjur af sölu efnis og þjónustu, leigu, aðgangseyri, vaxtatekjur og aðrar tekjur.

11. gr.

Reikningar og endurskoðun.

Starfsár og reikningsár Landbúnaðarsafns Íslands ses. skal vera almanaksárið. Stjórn stofnunarinnar skal ganga frá ársreikningi hennar fyrir 1. júní ár hvert. Ársreikningur stofnunarinnar skal áritaður af löggildum endurskoðanda sem stjórn hennar velur.

12. gr.

Ársfundur.

Stjórnin skal halda ársfund þar sem reikningar og starfsemi Landbúnaðarsafns Íslands ses. er kynnt. Ársfundurinn skal vera öllum opinn sem hann vilja sækja. Á ársfundi skal jafnframt tilkynnt um val á stjórnarmönnum sé kjörtímabil þeirra á enda. Ársfundur er upplýsingafundur og hefur fundurinn ekki ákvörðunarvald á starfsemi stofnunarinnar. Samþykktir ársfundar fela aðeins í sér tillægi til stjórnar stofnunarinnar og eru ekki bindandi. Ársfundurinn skal haldinn fyrir júnílok ár hvert.

Stjórn Landbúnaðarsafns Íslands ses. skal skylt að gefa stofnendum sérstaka skýrslu eða skýringar varðandi einstaka þætti starfseminnar samkvæmt beiðni þar um og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint frá þessum aðilum eftir því sem unnt er.

13. gr.

Ráðstöfun eigna og hagnaðar.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. stofnskrár þessarar. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

14. gr.

Breyting á stofnskrá.

Heimilt er að breyta stofnskrá þessari með samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Til að auka skuldbindingar stofnenda þarf samþykki þeirra.

15. gr.

Slit stofnunarinnar.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem breytingar á stofnskrá þessari skv. 14. gr. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar renna til Landbúnaðarháskóla Íslands eða annarrar ríkisstofnunar er annast landbúnaðarfræðslu og/eða þjóðminjavörslu sem skal leitast við að verja þeim til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. Skulu þær ráðstafanir gerðar í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og ráðuneyti mennta- og menningarmála.

16. gr.

Annað.

Þar sem ákvæði stofnskrár þessarar ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Sjálfseignarstofnunin skal einnig fara að gildandi safnalögum nr. 141/2011 og siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).